

Fundargerð 503

Föstudaginn 19. nóvember 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu EY að Borgartúni 30 í Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs Súsanna Björg Fróðadóttir (SBF) sérfræðingur á lögfræðisviði (við dagskrárliði 5-8) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:34 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Loftslagsstefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
3. ...
4. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
5. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2022 - til kynningar
6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 502.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og send í rafræna undirritun.

2. Loftslagsstefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni rekstrarsviðs og forstjóra auk draga að loftslagsstefnu fyrir Byggðastofnun og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem MH fór yfir.

Samkvæmt 5. gr. c. í lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 ber Stjórnarráði Íslands, ríkisstofnunum og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins að setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Skal stefnan hafa verið samþykkt fyrir árslok 2021.

Tilgangur loftslagsstefnu er að auðvelda ríkisaðilum að draga markvisst úr áhrifum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda af starfsemi sinni og vera til fyrirmyndar með því að hafa bein og óbein áhrif á loftslagsskuldbindingar Íslands.

Lagt er til að framlögð loftslagsstefna sé samþykkt.

Til máls tóku AÞ, MBJ, MaH, KB, ÞG HÓ og KG.

Formaður bar upp loftslagsstefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

3. ...

...

4. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 38/21 til 40/21 og samantekt yfir afgreiðslur lánanefndar sem AÐ kynnti.

Til máls tók GP.

5. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2022 - til kynningar

SBF kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur drög að starfs- og rekstraráætlun 2022 til kynningar sem AÐ, SEP og MH kynntu. Drögin eru með þeim fyrirvara að ekki er búið að samþykkja Byggðaáætlun 2022-2036 og leggja fram frumvarp til fjárlaga 2022.

Til máls tóku MBJ, KB, HKH, MaH og KG.

Formaður hvatti stjórn til að koma ábendingum um verkefni á framfæri við forstjóra.

6. Staða rekstrar- og verkefna skv. starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 31. október sl. sem AÐ og SEP kynntu. HÁ fór yfir úrskurð um nýja gjaldskrá Íslandspósts.

Til máls tók MBJ.

7. Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 17. desember nk. á Sauðárkróki. HKH upplýsti að hún gæti ekki mætt á staðinn en gæti verið í fjarfundi.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 10:21

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir